

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Ástu R. Jóhannesdóttur um kostnaðarþátttöku sjúklinga við endurhæfingu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hvernig skiptist kostnaður við endurhæfingu á milli sjúklings og hins opinbera eftir því hvar endurhæfingin er veitt og hvar sjúklingurinn dvelur á meðan meðferð stendur, þ.e. hvort hann:*
 - a. *er innritaður á sjúkrahús,*
 - b. *dvelur á Rauðakrosshótelinu,*
 - c. *dvelur á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði,*
 - d. *er heima hjá sér,*
 - e. *dvelur á öldrunarstofnun?*
2. *Hver greiðir hvað hverju sinni, svo sem lyf, læknishjálp, rannsóknir, hjálpartæki, sjúkrapjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun o.s.frv.?*

Sjúklingur sem er innritaður sem sólarhringssjúklingur á sjúkrahús greiðir engan kostnað við endurhæfingu sem hann fær meðan innlögn varir.

Sjúklingur sem dvelur á Sjúkrahótelu RKÍ greiðir dvalargjald, 700 kr. á sólarhring, samkvæmt samningi við ráðuneytið. Endurhæfing fer ekki fram á sjúkrahótelinu. Ekki er um aðrar greiðslur sjúklinga að ræða fyrir dvöl á sjúkrahótelinu.

Sjúklingur sem dvelur á Heilsustofnun NLFÍ greiðir dvalargjald, 1.700–3.000 kr. á sólarhring. Dvalargjaldið fer eftir gerð og búnaði herbergja. Ekki er um aðrar greiðslur sjúklinga að ræða fyrir dvöl á heilsustofnuninni. Sjúklingar greiða fyrir lyf í samræmi við reglugerð nr. 948/2000, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

Sjúklingar sem dvelja heima hjá sér greiða fyrir endurhæfingu og aðra læknishjálp í samræmi við reglugerð nr. 218/2002, um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Sjúklingar greiða sjálfir fyrir lyf en greiðsluþátttaka ríkis er í samræmi við reglugerð nr. 948/2000, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði. Vakin er athygli á að um sjúklinga sem dvelja á Heilsustofnun NLFÍ gilda, rétt eins og um aðra sjúklinga, reglur um hámarksreiðslu vegna lyfja-, lækni- og þjálfunarkostnaðar.

Sjúklingur sem dvelur á öldrunarstofnun greiðir engan kostnað við endurhæfingu sem hann fær meðan innlögn varir. Sjúklingar sem dvalið hafa lengur en fjóra mánuði á 24 mánaða tímabili á öldrunarstofnun (þ.e. hjúkrunarheimili eða hjúkrunardeild á sjúkrahúsi) og hefur tekjur yfir 34.659 kr. á mánuði taka þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru, sbr. reglugerð nr. 47/1990, um stofnanaþjónustu fyrir aldraða. Ekki er um aðrar greiðslur sjúklinga að ræða fyrir dvöl á öldrunarstofnun, sbr. reglugerð nr. 422/1992, um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.